

## Orðabókin

### Orðabók Menningarsjóðs

Orðabókin gefur þér miklar upplýsingar um orðin. Í henni sérðu merkingu orðanna og ýmis málfræðileg atriði. Til þess að hún komi að gagni þarftu að vera viss um að skilja það sem hún hefur að segja.

Í orðabókinni hefur hver orðflokkur sitt auðkenni. Nafnorð þekkjast á kenniföllum, lýsingarorð eru auðkennd með stóru **L**, fornöfn með **FN** og töluorð með **TO**. Fyrir aftan sagnorð er lítið **s** og óbeygjanleg orð eru alltaf eins. Hvert sem fallorðið er finnur þú það alltaf í nefnifalli. Öll orð orðabókarinnar eru skráð með litlum staf nema sérnöfn.

Nafnorðin í orðabókinni standa í nefnifalli eintölu, þá kemur ending orðsins í eignarfalli eintölu og einnig í nefnifalli fleirtölu. Þessi þrjú föll eru kölluð kenniföll.

**biskup, -s, -ar** K 1 æðsti maður kirkjunnar 2 sérstakur maður á skákborði.

Kyn orðsins er skammstafað fyrir aftan kenniföllin, K fyrir karlkyn, KV fyrir kvenkyn og H fyrir hvorugkyn. Loks kemur merkingin. Númer eru notuð ef orð hefur fleiri en eina merkingu.

Sum orð tilheyra fleiri en einum orðflokki. Þá eru númer fyrir framan orðin. Orðið dúsa getur bæði verið nafnorð og sagnorð.

1. **dúsa, -u, -ur** KV tútta handa ungbörnum, snuð.
2. **dúsa, -aði** s vera kyrr.

Samsett orð eru sýnd í orðabók með bandstriki. Þegar það er gert er fyrri hluti orðsins ekki endurtekinn heldur eingöngu sett bandstrik og seinni hluti orðsins þar á eftir.

**tölvu-pappír** K sérstakur pappír til að nota í tölvur. **-prentari** K einhvers konar ritvél sem skráir upplýsingar frá tölvu (með lettri á pappír) **-skrá** KV skrá sem tölva hefur gert og er varðveitt á disk. **-stýra** s að stýra með tölvu. **-tækur** L sem unnt er að nota (vinna) í tölvu.

Í svona runu geta orðin verið af ýmsum orðflokkum og málfræðiatríðin ólík. Þeim er raðað í stafrófsröð. Skoðaðu alltaf vel skráningu orðanna.

## Fallorð

### Fallorðaflokkarnir

Þau orð sem beygjast í föllum kallast fallorð. Fallorðaflokkarnir eru fimm. Þeir heita nafnorð (no.), lýsingarorð (lo.), töluorð (to.), greinir (gr.) og fornöfn (fn.). Orð úr þessum flokkum eiga það sameiginlegt að þau fallbeygjast.

Fallorðaflokkarnir hafa hver sitt eigið einkenni sem skilur þá frá hinum. Nafnorð bæta við sig greini, lýsingarorð stígbreytast, í stað töluorða er hægt að skrá tölustafi, greini er hægt að skeyta við nafnorð og fornöfn eru gjarnan notuð í stað nafnorða til að forðast endurtekningar. Nafnorðin eru stærsti flokkurinn en lýsingarorðin sá næst stærsti. Greinirinn, töluorðin og fornöfnin eru miklu minni flokkar en ekki síður mikilvægir.

### Fallbeyging

Þegar þú beygir í föllum notar þú ákveðin orð til að hjálpa þér við beyginguna. Þau eru: Hér er, um, frá og til.

<u>hér er</u>	<u>hestur</u>	<u>nefnifall</u>	<u>nf.</u>	<u>aðalfall</u>
um	hest	þolfall	þf.	
frá	hesti	þágufall	þgf.	aukaföll
til	hests	eignarfall	ef.	

Í orðabókinni standa öll fallorðin í nefnifalli. Það fall kallast aðalfall. Hin föllin kallast aukaföll.

### Tala og kyn fallorða

Fallorð beygjast í tölu. Tölur í íslensku eru tvær, eintala og fleirtala. Einn bíll – margir bílar, ein húfa – margar húfur, eitt gras – mörg grös.

Tafla til að finna kyn og tölu orða:

	eintala	fleirtala
karlkyn	hann	þeir
kvenkyn	hún	þær
hvorugkyn	það	þau

Þú ferð þannig að. Athugaðu hvaða fornafn passar að setja í stað orðsins sem þú ætlar að athuga. Fornafnið er í sama kyni og tölu. Þú sérð kyn orðsins á vinstri hönd og töluna fyrir ofan.

*Taktu blómin (þau -> hk.ft.) og settu í vasann (hann -> kk.et.).*

*Kýrnar (þær -> kvk.ft.) eru í haganum (hann -> kk.et.).*

*Það var rauð spennna (hún -> kvk.et.) í hárinu (það ->hk.et.).*

Nafnorð eiga hvert sitt kyn en flest önnur fallorð eru til í öllum kynjum.

	karlkyn	kvenkyn	hvorugkyn
nafnorð	bíll	*	*
	*	húfa	*
	*	*	gras
fornafn	hann	hún	það
töluorð	einn	ein	eitt
greinir	hinn	hin	hið
lýsingarorð	góður	góð	gott

### Nafnorð og greinir

Nafnorð eru nöfn á hlutum, hugtökum, fólki og stöðum. Einkenni nafnorða er að það er hægt að bæta greini við þau.

Nafnorðum er skipt í sérnöfn og samnöfn. Sérnöfn eru nöfn einhvers eins og Jón, Selfoss og Ísland og skal alltaf rita þau með stórum staf. Samnöfn eru sameiginleg heiti hluta eins og blóm, fiskur og bíll.

Við köllum nafnorð *hlutstæð* þegar við getum snert þau (stóll, taska, borð) en *óhlutstæð eða huglæg* þegar þau tákna ósnertanleg atriði (ást, hatur, gleði).

Sá eiginleiki nafnorðanna að bæta við sig greini er án efa aðaleinkenni þeirra. Án greinis er nafnorð óákveðið en með honum verður það ákveðið. Ekki er venja að bæta greini við sérnöfn enda eru þau í eðli sínu alltaf ákveðin. Þetta er þó hægt. Við getum t.d. sagt: Báðir Jónarnir í mínum bekk eru Jónssynir.

Nafnorð án greinis: **Þetta er hús.**

Nafnorð með greini: **Þetta er húsið.**

Greinirinn er *hinn* (kk.), *hin* (kvk.) og *hið* (hk.). Þegar honum hefur verið skeytt við nafnorð kallast hann viðskeyttur greinir, en laus greinir annars. Um leið og honum er skeytt við nafnorð fellur h-ið brott af honum og stundum einnig sérhljóðið.

### **Sambeyging**

Nafnorð geta staðið með öðrum fallorðum og sambeygst þeim. Það merkir að nafnorðið er í sama kyni, tölu og falli og orðið sem það sambeygist. Mjög oft sambeygjast nafnorð með lýsingarorðum eða fornöfnum og þá kallast orðin hliðstæð en sérstæð standi þau án þess að sambeygjast öðru orði.

Með lýsingarorði. Ég sá mjög **góðan mann** í gær.

Með fornafni. Ég var í burtu **allan daginn**.

Með töluorði. Ég týndi **tveimur húfum**.

### **Kyn, tala og fall nafnorða**

Nafnorð beygjast í kyni, tölu og falli. Hvert nafnorð á sitt kyn sem ýmist er karlkyn, kvenkyn eða hvorugkyn. Orðin er hægt að setja í hvaða fall sem er og flest eru þau til bæði í eintölu og fleirtölu.

	<b><i>karlkyn</i></b>	<b><i>kvenkyn</i></b>	<b><i>hvorugkyn</i></b>
	bátur	saga	haf
	bát	sögu	haf
et.	báti	sögu	hafi
	báts	sögu	hafs

	bátar	sögur	höf
	báta	sögur	höf
ft.	bátum	sögum	höfum
	báta	sagna	hafa

Stundum er erfitt að átta sig á falli nafnorða vegna þess að orðin geta litið eins út í tveimur eða fleiri föllum eins og sjá má í orðunum hér að ofan. Orðin saga og haf eru eins í mörgum föllum. Þegar svo er háttað getur þurft að setja annað orð í staðinn til að sjá hvert fallið er. Oft er orðið hestur notað því það er ekki eins í neinu falli eintölu. Einnig er hægt að nota orðin Guðmundur, Páll, hundur, steinn og fleiri orð.

	eintala	fleirtala
nf.	hestur-inn	hestar-nir
þf.	hest-inn	hesta-na
þgf.	hesti-num	hestu-nu-m
ef.	hests-ins	hesta-nna

Svona skaltu fara að: Settu orðið hestur í setninguna og passaðu að það sé í rétttri tölu. Ekki skiptir máli þótt merkingin sé bull. Orðið hestur verður í sama falli og orðið sem þú setur það í staðinn fyrir.

þf.	þf.	þf.	þgf.	þgf.
Ég á sögu um báta.		Sendu mér kort með mynd af hjarta.		
Ég á hest um hesta-na.		Sendu mér hest með hesti af hesti.		

### Veik og sterk beyging nafnorða

Talað er um að sum nafnorð hafi *veika beygingu* en önnur *sterka beygingu*. Þegar beyging nafnorða er skoðuð sést að sum nafnorð enda á sérhljóði í eignarfalli eintölu en önnur á samhljóði. Þau nafnorð sem enda á samhljóði (-s,-r) í eignarfalli eintölu beygjast sterkt en hin sem enda á sérhljóði (-i, -u, -a) beygjast oftast veikt.

hani	strákur
hana	strák
hana	stráki
hana	stráks

### **Eintölu- og fleirtöluorð**

Sum orð eru eingöngu til í eintölu eins og fólk, sykur, fjöldi og fleiri orð. Þau eru kölluð eintöluorð. Varast þer þegar tala orða er athuguð að einblína á merkinguna því hún sýnir ekki endilega töluna.

Fleirtöluorð er eingöngu hægt að nota í fleirtölu. Við segjum einar buxur en ekki ein buxa og einar dyr en ekki ein dyr.

### **Samheiti og andheiti**

Samheiti er hugtak sem notað er um tvo eða fleiri hluti sem merkja það sama s.s. hiti og hlýja. Andheiti er hugtak sem notað er um orð andstæðrar eða gagnstæðrar merkingar eins og kuldi og hiti. Þegar samheiti eða andheiti orðs er fundið þarf að gæta þess að orðin séu af sama orðflokki.

### **Víðtæk og sértæk nafnorð**

Þegar merking orða er borin saman má oft sjá að hún er mismikil. Orðið hús getur t.d. verið alls konar hús en sumarhús er ein gerð húsa. Orðið hús hefur því víðtæka merkingu en orðið sumarhús sértæka.

### **Lýsingarorð**

Lýsingarorð eru fallorð. En auk þess að fallbeygjast stigbreytast þau.

Stigbreytingin aðgreinir lýsingarorðin frá öðrum fallorðum. Stig lýsingarorða kallast frumstig (fst.), miðstig (mst.) og efsta stig (est.)

Stigbreyting er kölluð regluleg þegar stofninn breytist ekki eða lítið, þ.e. stofnsérhljóðið getur breyst. Þegar stofninn breytist er talað um óreglulega stigbreytingu.

Regluleg stigbreyting:      sæt – sætari – sætust, stór - stærri – stærstur  
Óregluleg stigbreyting:    ill – verri – verst, góð – betri – best

### **Veik- og sterk beyging lýsingarorða**

Nafnorð hafa annaðhvort veika eða sterka beygingu en lýsingarorðin hafa bæði veika og sterka beygingu. Lýsingarorð hafa veika beygingu þegar þau standa með nafnorðum án greinis en sterka ef greinir er á nafnorðinu. Þú manst kannski ennþá

eftir að nafnorð hafa veika beygingu þegar þau enda á sérhljóði í öllum föllum eintölu en sterka þegar þau enda á samhljóði í eignarfalli eintölu. Mundu að þessu er eins farið með lýsingarorð.

Veik beyging  
góða konan...

sterk beyging  
góð kona....

### Töluorð

Töluorð er hægt að skrá sem tölustafi. Töluorðum er skipt í frumtölur og raðtölur. Frumtölur eru tölurnar 1, 2, 3, ... þ.e. einn, tveir, þrír. Hugtakið frumtala er einnig notað í stærðfræði en þar merkir það ekki alveg það sama. Raðtölurnar eru 1., 2., 3., ... þ.e. fyrsti, annar, þriðji. Þegar raðtölur eru táknaðar með tölustaf er hafður punktur á eftir þeim. Þegar raðtölur eru skrifaðar með bókstöfum beygjast aðeins tvær öftustu tölurnar sbr. eitt þúsund níu hundruð sextugasti og sjötti.

### Fornöfn

Fornöfn eru fjölbreyttur flokkur fallorða, með sex undirflokkum. Fornöfn eru oft notuð til þess að ekki þurfi að endurtaka nafnorðin. Orðið *ásapóet* er oft notað til að muna nöfn flokkanna en hver stafur orðsins er upphafsstafur undirflokks; **á**bendingarfornöfn, **s**purnarfornöfn, **a**fturbeygt fornafn, **p**ersónufornöfn, **ó**ákveðin fornöfn og **e**ignarfornöfn. Sumir segja að einnig séu til **t**ilvísunarfornöfn en ekki eru allir á sama máli með það.

Fornöfnin beygjast flest í kyni og tölu. Þegar þau standa með einhverju ákveðnu orði laga þau sig að því á svipaðan hátt og lýsingarorð laga sig að nafnorði. Það merkir að þá eru þau í sama kyni, tölu og falli og orðið sem þau standa með.

*Ég á þennan bíl, þessa peysu, og þetta blóm.*

Þegar greina á undirflokk fornafnis er best að huga vel að til hvers fornafnis er notað. Ef fornafnis sýnir eign er það eignarfornafn. Standi það í stað einherrar persónu er það persónufornafn. Fornafn sem notað er til að hefja spurningar er spurnarfornafn. Ef það er nýtt til að benda á eitthvað kallast það ábendingarfornafn. Afturbeygd fornöfn sækja merkingu sína aftur á bak. Og loks má nefna óákveðnu fornöfnin en þau tákna alltaf einhvern sem ekki er ein ákveðin manneskja.

Persónufornöfnin eru þau fornöfn sem við notum til að forðast að endurtaka nöfn fólks sí og æ. Án þeirra væri málið vissulega frekar tilbreytingarlaust. Skoðaðu hvernig málið er með og án persónufornafnanna.

Páll gaf Jónu hring í afmælisgjöf. *Hann* bað *hana* að bera *hann* alla daga.  
 Jóna sagði að *það* myndi *hún* að sjálfsögðu gera fyrir *hann*.

Páll gaf Jónu hring í afmælisgjöf. Páll bað Jónu að bera hringinn alla daga.  
 Jóna sagði að bera hringinn myndi Jóna að sjálfsögðu gera fyrir Pál.

Persónufornöfnin eru hér sett í ramma til að hjálpa þér að muna þau.

Persónufornöfnin	Eintala	Fleirtala
1. persóna	ég	við
2. persóna	þú	þið
3. persóna kk.	hann	þeir
kvk.	hún	þær
hk.	það	þau

Eignarfornöfnin eru minn, þinn, sinn og vor. Þau eru notuð til að tákna eign.

Þetta er bíllinn *minn*. Þ.e. þetta er bíllinn sem ég á.

Eignarfornöfnin	Eintala	Fleirtala
kk.	minn	mínir
kvk.	mín	mínar
hk.	mitt	mín
kk.	þinn	þínir
kvk.	þín	þínar
hk.	þitt	þín
kk.	sinn	sínir
kvk.	sín	sínar
hk.	sitt	sín
hk.	vor	vorir
kvk.	vor	vorar
hk.	vort	vor



Afturbeygt fornafnið er aðeins eitt. Það er ekki til í nefnifalli en í þolfalli, þágufalli og eignarfalli er það *sig*, *sér* og *sín*. Eins og fyrr er getið sækir fornafnið merkingu sína aftur á bak í setningu. Skoðaðu setninguna *Jón hneigði sig*. Ef þú spyrð hver sé *sig* er svarið Jón.

nf.	þf.	þgf.	ef.
---	sig	sér	sín

Ábendingarfornöfnin eru *sá*, *þessi* og *hinn*. Þessi fornöfn eru notuð þegar við þurfum að benda sérstaklega á eitthvað eða einhvern sem rætt er um. Fornöfnin eru til í öllum kynjum og báðum tölum.

Tilvísunarforöfn	Eintala	Fleirtala
kk.	<i>sá</i>	<i>þeir</i>
kvk.	<i>sú</i>	<i>þær</i>
hk.	<i>það</i>	<i>þau</i>
kk.	<i>þessi</i>	<i>þessir</i>
kvk.	<i>þessi</i>	<i>þessar</i>
hk.	<i>þetta</i>	<i>þessi</i>
kk.	<i>hinn</i>	<i>hinir</i>
kvk.	<i>hin</i>	<i>hinar</i>
hk.	<i>hitt</i>	<i>hin</i>

Spurnarforöfnin eru *hver*, *hvor*, *hvaða* og *hvílikur*. Þau eru notuð þegar þarf upp spurningu sem ætlast er til að svarað sé með fallorði. Spurnarfornafnið *hver* er notað þegar spurt er um þrjá eða fleiri en *hvor* þegar spurt er um tvo.

Jón spurði *hvor* tvíburanna og *hver* þríburanna hefði ekki mætt í skólann.

Spurnarforöfn	Eintala	Fleirtala
kk.	<i>hver</i>	<i>hverjir</i>
kvk.	<i>hver</i>	<i>hverjar</i>
hk.	<i>hvert / hvað</i>	<i>hver</i>
kk.	<i>hvor</i>	<i>hvorir</i>
kvk.	<i>hvor</i>	<i>hvorar</i>
hk.	<i>hvort</i>	<i>hvor</i>

kk.		
kvk.		
hk.	hvað	hver
kk.	hvílikur	hvílikir
kvk.	hvílik	hvílikar
hk.	hvílíkt	hvílik

Óákveðnu fornöfnin eru fjölmörg. Fornöfn þessi eiga það sameiginlegt að þau tákna ekki einhvern ákveðinn. Þau beygjast í kyni, tölu og föllum. Best er að læra vísuna um óákveðnu fornöfnin til að muna þau.

Annar, fáeinir, enginn, neinn,  
 ýmis, báðir, sérhver,  
 hvorugur, sumur, hver (og) einn,  
 hvor (og) nokkur, einhver.

Auk fornafnanna í vísunni tilheyr þessi einnig óákveðnu fornöfnunum: annar hver, annar hvor, annar tveggja, hvor tveggja, sjálfur, slíkur, þvílíkur, samur og allur.

Nokkur óákveðnu fornafnanna hafa ólíkt útlit eftir því hvort þau eru sérstæð eða hliðstæð. Þetta eru fornöfnin eitthvað, sérhvað og nokkuð.

Sérstætt

Sástu nokkuð úti áðan?

Hliðstætt

Sástu nokkurt kvikindi úti áðan?

## Sagnorð

### Tíð sagnorða

Sagnorð eða sagnir eru þau orð sem tíðbeygjast. Það merkir að þau líta ekki eins út í nútíð og þátíð. Í málfræði er einnig oft sagt að þau hafi ekki sama birtingarform. Enginn annar orðflokkur breytist þegar skipt er um tíð í setningum.

Ég *fer* burt. Ég *fór* burt.

Tíð segir til um hvenær eitthvað eigi sér stað í tíma. Oft skiptum við tímanum í fortíð, nútíð og framtíð þegar við ræðum um hvenær eitthvað hafi átt sér stað. Í íslensku eru þó aðeins tvær af þessum tíðum til sem ósamsettar tíðir, *nútíð* og *þátíð*. Til að tákna framtíð förum við aðrar leiðir.

Núliðin táknar það sem á sér stað eða er núna en þátíð allt það sem gerðist áður.

nútíð	ég <i>les</i> , þú <i>lest</i> , hann <i>les</i>
þátíð	ég <i>las</i> , þú <i>last</i> , hann <i>las</i>

En þessar tvær tíðir, ósamsett nútíð og þátíð, duga ekki til að tjá allt sem á sér stað. Ef þarf að fjalla nánar um hvenær eitthvað hafi átt sér stað eða muni eiga sér stað verðum við að fá hjálp frá öðrum orðum. Í þeim tilvikum notum við *samsettar tíðir*. Það merkir að notuð er hjálparsögn með aðalsögninni.

núliðin tíð	ég <i>hef lesið</i> þessa bók
þáliðin tíð	ég <i>hafði lesið</i> þessa bók þegar ég sá myndina

Núliðin tíð myndast með hjálparsögninni að hafa í nútíð og lýsingarhætti þátíðar af aðalsögninni. Þáliðin tíð myndast á sama hátt nema að sögnin að hafa er í þátíð. Lýsingarháttur þátíðar er síðasta kennimynd allra sagnorða.

Framtíð sagna táknar eitthvað sem ekki hefur átt sér stað. Ekki er til nein eiginleg framtíð í íslensku. Til að mynda hana notum við hjálparsögnina *mun* og nafnhátt aðalsagnarinnar.

framtíð	ég <i>mun lesa</i> (í framtíðinni)
---------	------------------------------------

Einnig er hægt að sleppa hjálparsögninni en tákna þó ókominn tíma.

Flugvélin *kemur* [á morgun] (hér kemur tímahjálpin frá forsetningarliðnum)

### Persóna og tala sagnorða

En sagnir geta breyst við fleira en tíðina eina saman, persóna og tala hafa einnig áhrif. Persónur sagnorða eru þrjár, 1. persóna, 2. persóna og 3. persóna. Persóna sagnorða ræðst af frumlaginu. Ef frumlagið er í eintölu er sögnin það einnig, sama gildir um fleirtölu.

1. persóna	ég les	við lesum
2. persóna	þú lest	þið lesið
3. persóna	hann, hún, það les	þeir, þær, þau lesa

Fallorð laga sig alltaf að sögn í persónuhætti hvað varðar tölu og persónu. Til þess að greina hver persóna og tala sagnarinnar er ætti því að skoða *frumlag* hennar. Það er gert með því að spyrja hver sé, eða geri það sem sögnin tjáir og svara með persónufornafni.

Hestarnir hlaupa um hagann.

Hverjir hlaupa?

Svar: Hestarnir = þeir (3.p. ft.).

Þú laukst ekki við verkefnið.

Hver lauk ekki við verkefnið?

Svar: Þú (2.p. et.).

Þór og Þrúða giftu sig í gær.

Hver giftu sig?

Svar: Þór og Þrúða = þau (3.p. ft.)

Ef frumlag sagnarinnar er ekki í nefnifalli er um ópersónulega sögn að ræða. Slíkar sagnir er venja að greina sem 3. persónu. *eintölu* og skiptir þá ekki máli hvert frumlagið er.

### Persónuleg og ópersónuleg sagnorð

Sagnorð eru ýmist persónuleg eða ópersónuleg. Það sem ræður því í hvorn hópinn sagnorðið fer er hvort sagnorðið breytist við að skipt sé um persónu með því.

Ef sagnorðið breytist er sögnin persónuleg en ópersónuleg ef hún breytist ekki. Ópersónuleg sagnorð standa alltaf í 3. persónu eintölu sama hvert frumlagið er.

Sagnorðið að *vilja* er *persónulegt* þar sem það breytist þegar skipt er um persónu með því en sagnorðið að *langa* er ópersónulegt þar sem það breytist ekki.

1. p. (ég)	vil	(mig)	langar
2. p. (þú)	vilt	(þig)	langar
3. p. (hann)	vill	(hann)	langar

Ópersónulegar sagnir hafa tvö aðaleinkenni. Það að breyta um persónu er annað þeirra, hitt er að þau taka alltaf með sér *frumlag í aukafalli*.

<i>Mig langar</i>	<i>Okkur langar</i>	<i>Suma langar</i>
<i>Þig langar</i>	<i>Ykkur langar</i>	<i>Alla langar</i>
<i>Hana langar</i>	<i>Þá langar</i>	<i>Ýmsa langar</i>

Ópersónulegar sagnir eru oft huglægar og tákna þá ástand eða líðan.

*Mig dreymir stundum fallega.*  
*Mig minnir að þú sért draumlyndur.*  
*Mér finnst rigningin góð.*  
*Mér líkar vel við þig.*

Mjög margir eiga erfitt með að nota ópersónulegu sagnirnar rétt og hættir til að nota frumlag í þágufalli í stað frumlags í þolfalli. Talað er um þágufallssýki í því tilviki. Mig dreymir verður þá mér dreymir og mig langar verður mér langar.

Dæmi um sagnorð sem taka með sér frumlag í þolfalli eru: (mig) hungrar, þyrstir, grunar, dreymir, minnir, svíður (í sár), furðar, hryllir, skortir, vantar, kitlar ...

Dæmi um sagnorð sem taka með sér frumlag í þágufalli eru: (mér) hlýnar, kólnar, finnst, batnar, blöskrar, bregður, sýnist, þykir..

Skoðaðu vel listann yfir sagnirnar sem hér eru og prófaðu jafnvel að nota tvenns konar frumlag með þeim, persónufornafn (mig, mér; þig, þér) og nöfnin Guðmundur

eða Páll ásamt þínu eigin nafni. Á þann hátt öðlast þú ákveðna færni í að nota sagnorðin rétt.

[mig hungrar](#) [þig hungrar](#) [Guðmund hungrar](#) [Pál hungrar](#)

Stundum getur sama sögnin bæði verið ópersónuleg og persónuleg s.s. sögnin að bera og minna. Þess ber þó að gæta að merkingin er ekki hin sama í báðum tilvikum.

[Frumlag í nf.](#)

[Ég ber pokann.](#)

[Ég minni þig á verkefnið.](#)

[Frumlag í þolfalli](#)

[Kirkjuna ber við himin.](#)

[Mig minnir að skuldin sé greidd.](#)

Sagnirnar að *hlakka* og *kvíða* valda oft vandræðum. Þessar tvær sagnir eru persónulegar en margir nota þær sem ópersónulegar. Hugsanleg skýring á þessu er að sagnorðin eru bæði huglæg eins og svo margar ópersónulegar sagnir.

[Rétt](#)

[ég hlakka til](#)

[ég kvíði fyrir](#)

[Rangt](#)

[mig hlakkar til](#)

[mig kvíður fyrir](#)

[Rangt](#)

[mér hlakkar til](#)

[mér kvíður fyrir](#)

### **Sjálfstæð og ósjálfstæð sagnorð**

Einfaldasta setning í íslensku er aðeins tvö orð, fallorð og sagnorð. Til að mynda setningu á þennan hátt þarf sagnorðið að vera sjálfstætt. Sjálfstæð sagnorð eru nefnilega þeim eiginleikum gædd að þau segja fulla hugsun ásamt því fallorði sem með þeim standa.

[Jóna hlær.](#)

[Barnið grét.](#)

[Stefán brosir.](#)

Sagnorð sem ekki ná að tjá fulla hugsun ásamt fallorði kallast ósjálfstæð sagnorð. Ósjálfstæði þeirra er að þau þurfa a.m.k. þriðja orðið með sér til að ljúka við að tjá fulla hugsun.

[Rósa sá jökulinn.](#)

[Týr er unglingur.](#)

[Konan þykir dugleg.](#)

### Áhrifs- og áhrifslausar sagnir

Sagnir eru kallaðar áhrifssagnir ef þær hafa áhrif á fall fallorðs sem með þeim standa, stýra falli. Fallorðið er þá í aukafalli. Áhrifssagnir eru ásamt forsetningum algengustu fallstjórnendur í íslensku.

Ég sá hest. (þf.)

Þú hentir brauðinu. (þgf.)

Sumar sagnir geta stýrt tveimur föllum, þolfalli og þágufalli. Sagnirnar að gefa, sýna, fá, rétta og borga eru dæmi um það.

Unnar rétti *Steinunni* (þgf.) *blaðið* (þf.).

Gunna sýndi *þorvaldi* (þgf.) *merina* (þf.).

Áhrifslausar sagnir geta ekki breytt falli og því eru fallorð sem með þeim standa í nefnifalli. Áhrifslausar sagnir eru jafnframt oft ósjálfstæðar.

### Beyging sagna

Sagnorð eru ýmist veik, sterk eða blönduð. Veik sagnorð enda á *-aði*, *-ði*, *-di*, eða *-ti* í þátíð. Þau eru einnig kölluð regluleg af því að stofn þeirra er alltaf eins.

Sterk sagnorð eru ólík þeim veiku að því leyti að þau eru endingarlaus í þátíð. Þau hafa einnig óreglulega beygingu og sífellt koma ný sérhljóð fram í kennimyndabeygingu þeirra.

Blandaðar sagnir eru flokkaðar í tvo hópa, ri-sagnir og núpálegar sagnir. Ri-sagnir einkennast af því að þær enda allir á *-ri* í þátíð. Einkenni núpálegra sagna er að nútíð þeirra er aðeins eitt atkvæði og án allra endinga.

### Kennimyndir veikra og sterkra sagna

Sagnir eru beygðar í kennimyndum til að skoða grunnmyndir þeirra. Þá sjást öll þau hljóð sem koma fyrir í þeim eða hægt er að mynda önnur hljóð af. Allar myndir sagna aðrar en kennimyndir kallast afleiddar myndir enda leiddar af kennimyndum.

Fyrsta kennimynd allra sagna er nafnhátturinn. Af honum eru allar nútíðarmyndirnar gerðar. Önnur kennimyndin er framsöguháttur í þátíð. Sú kennimynd hjálpar okkur

að þekkja hvort sagnirnar eru veikar eða sterkar því eins og getið er hér að framan eru endingar þeirra ólíkar. Síðasta kennimyndin er svo lýsingarháttur þátíðar. Til að hægt sé að mynda hann er notuð hjálparsögn. Þú átt því að segja *ég hef* á undan sögn sem á að vera í lýsingarhætti þátíðar. Mikilvægt er þegar þú beygir sagnorð í kennimyndum að þú notir hjálparorðin sem gefin eru upp hér að neðan. Með því móti minnkar þú verulega líkurnar á að gera villu. Kennimyndir veikra/reglulegra sagnorða eru þrjár.

1. km.	2. km.	3. km.
Nafnháttur	Framsöguháttur	Lýsingarháttur þátíðar
Að + sögn	Ég + þt. sagnar	Ég hef + sögn
<i>Að horfa</i>	<i>Ég horfði</i>	<i>Ég hef horft</i>

Kennimyndir sterkra/óreglulegra sagnorða eru fjórar. Við bætist framsöguháttur þátíðar í fleirtölu. Þú segir *ég* á undan 2. kennimyndinni eins og þú gerir þegar þú myndar aðra kennimynd hjá veikum sagnorðum en *við* á undan þeirri þriðju. Að öðru leyti er kennimyndabeygingin eins hjá veikum og sterkum sagnorðum.

1. km.	2. km.	3. km.	4. km.
Nafnháttur	Framsöguháttur	Framsöguháttur	Lýsingarh. þt.
Að + sögn	Ég + þt. sagnar	Við + þt. sagnar	Ég hef + sögn
<i>Að lesa</i>	<i>Ég las</i>	<i>Við lásum</i>	<i>Ég hef lesið</i>

### **Kennimyndir blandaðra sagna**

Kennimyndir blandaðra sagna eru afbrigði af beygingu sterkra og veikra sagna. Ri-sagnir hafa þrjár kennimyndir eins og veikar sagnir og beygjast eins og þær að öllu öðru leyti en því að þær enda á *-ri* í annarri kennimynd. Ri-sagnirnar eru fjórar, gróa, róa, núa, snúa. Ri-sagnir eru ekki ritaðar með *é* í þátíð.

1. km.	2. km.	3. km.
Nafnháttur	Framsöguháttur	Lýsingarháttur þátíðar
Að + sögn	Ég + þt. sagnar	Ég hef + sögn
<i>Að róa</i>	<i>Ég reri</i>	<i>Ég hef róíð</i>



Beyging núpálegra sagna er ólík beygingum annarra sagna að því leyti að nútíðarmynd er sýnd í annarri kennimynd. Aðrar myndir eru eins og í veikri beygingu.

1. km.	2. km.	3. km.	4. km.
Nafnháttur	Framsöguháttur	Framsöguháttur	Lýsingarh. þt.
Að + sögn	Ég + nt. sagnar	Ég + þt. sagnar	Ég hef + sögn
Að <i>unna</i>	Ég <i>ann</i>	Ég <i>unni</i>	Ég hef <i>unnað</i>

Núpálegar sagnir eru tíu, gott er að læra vísuna:

Unna, kunna, muna, má,  
munu, eiga, skulu,  
þurfa, vilja, vita, kná,  
verða hér í þulu.

### Orsakasagnir

Stundum er hægt að mynda veikar sagnir af 2. kennimynd sterkra sagna.

sníða	sneið	sniðum	sniðið	sterk sögn
	sneiða	sneiddi	sneitt	veik orsakasögn

Mjög oft verður hljóðbreyting þegar orsakasögn er mynduð. Þessi hljóðbreyting er kölluð i-hljóðvarp.

fljúga	flaug	flugum	flogið
	fleygja	fleygði	fleygt
brenna	brann	brunnum	brunnið
	brenna	brenndi	brennt

Sagnirnar að brenna hafa svipaða merkingu. Það sést þegar málsgreinin er skoðuð: *Húsið brann til grunna og maðurinn brenndi sig.* Það er merkingarmunur á að brenna eitthvað og að brenna sig.

## Hjálparsagnir

Í hverri setningu verður að vera ein sögn í persónuhætti til að hún sé gild. Þessi sögn kallast aðalsögn. Þegar tvær sagnir standa saman og mynda merkingarlega heild er önnur sögnin kölluð aðalsögn en hin hjálparsögn. Hjálparsagnir hjálpa aðalsögninni við að láta í ljós t.d. ókominn tíma eða á hvaða stigi verknaðurinn er. Hjálparsögn getur aldrei staðið ein án aðalsagnar en aðalsögn getur vel staðið án hjálparsagnarinnar.

Það kemur fyrir að orðum er skotið inn á milli hjálparsagna og aðalsagna og stundum eru fleiri en ein hjálparsögn notaðar á undan aðalsögninni.

Algengustu hjálparsagnirnar eru hafa, vera, verða og munu. Aðrar algengar eru skulu, eiga, geta, vilja og mega.

[Orri er kominn alla leið. Þóra mun ekki hafa ætlað á dansleikinn.](#)

## Hættir sagnorða

Sagnorð í íslensku geta staðið í 6 mismunandi háttum sem skiptast í tvo flokka, persónuhætti og fallhætti. Persónuhættirnir eru: Framsöguháttur, viðtengingarháttur og boðháttur. Fallhættirnir eru: Nafnháttur, lýsingarháttur nútíðar og lýsingarháttur þátíðar.

Persónuhættir beygjast eftir persónu og tölu, þ.e. þeir breytast ef breytt er um persónu eða tölu í setningu. Fallhættir haldast hins vegar óbreyttir þó að breytt sé um persónu eða tölu. Sagnir í fallhætti geta fallbeygst. Það þarf þó stundum að setja fallorð í stað þeirra til þess að sjá það. Þannig þjóna þær einnig hlutverki fallorða og standa þá í nafnorðssæti.

[so. í nh.](#)

[no. í þf.](#)

[Hann kenndi mér að lesa.](#) [Hann kenndi mér lestur.](#)

Þegar greina á hætti sagna er gott að byrja á því að athuga hvort sögnin breytist eftir persónum. Með því fækkar möguleikunum úr sex í þrjá. Það er gert með því að skipta um persónu eða tölu í málsgreininni. Einnig er hægt að skipta um tíð og sjá það sama. Þær sagnir sem breytast eru í persónuhætti en hinar í fallhætti.

Hann ætlar að hjóla til Hornafjarðar frá Reykjavík.

skipt um persónu	Þú <a href="#">ætlar</a> að <a href="#">hjóla</a> til ...
tölu	Þeir <a href="#">ætla</a> að <a href="#">hjóla</a> til ...
tíð	Hann <a href="#">ætlaði</a> að <a href="#">hjóla</a> til ..

Sögnin að ætla breyttist þegar skipt var um persónu, tölu og tíð og er því í persónuhætti en sögnin að hjóla breyttist ekki enda í fallhætti.

Í öllum setningum er sögn í persónuhætti enda ekki hægt að mynda setningu án slíkrar sagnar. Annað gildir um sagnir í fallhætti, þær koma því aðeins fyrir að fleiri en ein sögn sé í setningu. Ef notuð er hjálparsögn með aðalsögninni verður hjálparsögnin í persónuhætti en aðalsögnin í fallhætti.

## Persónuhættir

### Framsöguháttur

Framsöguháttur er algengasti hátturinn. Fram til þessa hefur þú auðveldlega getað nefnt sögn í framsöguhætti án þess að gera þér kannski grein fyrir því. Alltaf þegar þú ert beðinn að segja hvernig sögn er í nútíð eða þátíð þá nefnir þú hana í framsöguhætti. Þú myndir líklega segja án þess að hugsa þig um að sögnin að fara sé *fer* í nútíð og *fór* í þátíð. Framsöguháttur er sem sagt „venjuleg“ nútíð og þátíð allra sagna.

Auk þess að beygjast eftir persónu og tölu þá er framsöguháttur einnig til í tíðum og myndum. Hann er notaður þegar láta á í ljós beina fullyrðingu eða spurningu. Hann lætur í ljós eitthvað sem gerist örugglega, enginn vafi er á að eitthvað var framkvæmt.

Arnar [tók](#) töskuna með.

Hér leikur enginn vafi á að Arnar tók töskuna, pottþétt.

### **Viðtengingarháttur**

Viðtengingarháttur lætur í ljós eitthvað sem er bundið skilyrðum, eitthvað er hugsanlegt. Hann er einnig notaður til að biðja um eitthvað eða óska einhvers. Þegar um viðtengingarhátt er að ræða er óvíst hvort það gerist. Til að þekkja viðtengingarhátt er gott að nota samtenginguna *þótt* eða *þó að* með persónufornafni.

Arnar tæki töskuna ef hann væri ekki að flýta sér.

Hér er ekki öruggt að Arnar taki töskuna. (þótt hann tæki, þótt hann væri)

Athugið að sum sagnorð eru eins í framsöguhátti og viðtengingarhátti. Þá er nauðsynlegt að skoða merkinguna og setja sögn sem ekki er eins í báðum þessum háttum í staðinn.

Þór hélt að hún ætlaði með mér. (hann hélt hún færi (vh.))

Þór veit að hún ætlaði með mér. (hann veit hún fór (fh.))

### **Boðháttur**

Boðhátturinn er auðþekktur. Hann er einhverskonar skipun. Við segjum t.d. *farðu*, *komdu*, *skrifaðu* og *sittu* þegar við skipum fyrir. Í öllum þeim tilvikum notum við boðháttinn. Boðháttur er sérstakur að því leyti að við getum eingöngu notað hann í 2. persónu eintölu og fleirtölu í nútíð. *Farðu* og *farið* eru t.d. eintala og fleirtala af sögninni að *fara* í boðhátti.

Taktu töskuna með þér. Takið töskurnar með ykkur.

### **Fallhættir**

#### **Nafnháttur**

Nafnháttur er oft kallaður orðabókamynd sagnorða, í orðabókum er hann uppflettimynd þeirra. Nafnháttur finnst með því að setja nafnháttarmerkið *að* á undan sagnorðinu. Það verður að muna að nafnháttarmerkið er ekki sögn heldur er það eingöngu „merki“ sem sýnir að sögn sem með henni stendur er í nafnhætti. Margir nemendur ruglast á þessu í orðflokkgreiningu.

Nafnháttarmerki þarf þó ekki að vera til staðar þegar sagnorð er í nafnhætti. Sagnorð í nafnhætti haga sér líkt og nafnorð. Þau geta staðið í föllum og má oft setja nafnorð í stað sagnorða í nafnhætti.

Skemmtilegast er að [dansa](#) (nh.) og [syngja](#) (nh.).

Nafnháttur sagnorða endar oftast á -a en nokkrar undantekningar eru þó á því s.s. að sjá, að fá, að þvo og fleiri. Þá geta sagnorð í framsöguhætti litið út eins og sagnorð í nafnhætti. Þá er auðveldast að breyta persónunni því ef sögnin breyttist eftir persónum getur hún ekki verið nafnháttur því hann tilheyrir fallháttunum.

Ég [ætla](#) (fh.) ekki með honum. Hann [ætla](#) (fh.) ekki með honum.  
Óskari þykir gaman að [fljúga](#) (nh.). Mér þykir gaman að [fljúga](#) (nh.).

Í fyrra dæminu breyttist sögnin og er því í framsöguhætti en í því síðara breyttist hún ekki og því auðséð að hún er í nafnhætti.

### **Lýsingarháttur nútíðar**

Lýsingarháttur nútíðar minnir á lýsingarorð. Hann er auðþekktur á því að sagnorðin fá endinguna -andi.

Það er [grenjandi](#) (lh. nt.) rigning. Bæjarstjórinn kom [akandi](#) (lh. nt.).

Oftast er lýsingaháttur nútíðar hliðstæður en þegar hann er það ekki á hann það til að breytast í nafnorð. Það sést á að hægt er að bæta greini við orðið.

Þetta er [leigjandi](#) minn. Þetta er [leigjandinn](#) minn.

Ef orði eða forskeyti er skeytt framan við lýsingarhátt nútíðar verður orðið að lýsingarorði.

Stúlkan var [hálfgrátandi](#) (lo.) enda [óalandi](#) (lo.).

## Lýsingarháttur þátíðar

Flóknastur allra háttar er lýsingarháttur þátíðar. Hann getur beygst í kynjum og tölum og getur því haft mismunandi endingar. Einnig getur hann haft veika og sterka beygingu.

Lýsingarháttur þátíðar er m.a. myndaður með hjálparsögnunum hafa, vera og verða og myndar með þeim samsettar tíðir og þolmynd. Lýsingarháttur þátíðar getur einnig myndast með sögnunum eiga, geta og fá.

Hver hefur tekið (lh. þt.) myndina? Arnór verður sóttur (lh.þt.) á morgun.

Þegar mynduð er setning með lýsingarhætti þátíðar er aðalsögnin í lýsingarhætti þátíðar en hjálparsögnin getur annað hvort verið í framsöguhætti eða viðtengingarhætti, fer eftir merkingu hennar. Stundum skjóta önnur orð sér á milli sagnorðanna en það breytir ekki háttum þeirra.

Ég hef (fh.) ekki séð (lh. þt.) Hildi lengi. Hún gæti (vh.) ekki verið (lh.þt.) langt undan.

Lýsingarháttur þátíðar getur haft stöðu lýsingarorðs og ef hann stigbreytist á að greina orðið sem lýsingarorð.

Þetta er **reyndur** maður. Barnið er **þreytt**.

## Mynd

Myndir sagnorða beina athyglinni ýmist að þeim sem framkvæmir það sem í sögninni felst eða þeim sem verður fyrir því með því að setja hann í frumlagssætið. Myndir sagna eru þrjár, germynd, þolmynd og miðmynd.

Germynd leggur áherslu á þann sem framkvæmir. Athyglin beinist að gerandanum. Germynd er algengasta myndin. Hún er ósamsett sem merkir að ekki er notuð hjálparsögn með henni og engu er heldur bætt við sögnina.

Móðirin klæddi barnið í buxur.

Þolmynd beinir athyglinni að þolandanum, þeim sem verður fyrir því sem sagnorðið segir til um. Þolmynd myndast með hjálparsögnunum vera og verða og því eru alltaf tvær sagnir þegar um þolmynd er að ræða.

Barnið var klætt í buxur.

Sá sem framkvæmir það sem sögnin segir er ekkert endilega nefndur en honum má þó bæta við í lokin. Eitthvað var gert af einhverjum.

Barnið var klætt í buxur af móðurinni.

Kýrnar voru reknar í hagann (af einhverjum).

Miðmynd er þriðja mynd íslenskunnar. Sagnir í miðmynd enda alltaf á -st í öllum persónum. Nokkrar sagnir eru aðeins til í miðmynd, svokallaðar miðmyndarsagnir.

Barnið klæddist buxum. Ég klæddist buxum. Þú klæddist buxum.

Fái sögnin ekki -st endinguna í öllum persónum er hún að öllum líkindum í germynd. Algengt er að germyndarsagnir í 2. persónu hafi -st endingu og því er auðvelt að ruglast á þeim og miðmyndarsögnum.

Þú fórst í bíó í gær. (gm.)

Maður fórst í sjóslysi í gær. (mm).

## Óbeygjanleg orð

Óbeygjanleg orð er heiti nokkurra orðflokka sem allir eiga það sameiginlegt að orð í þeim geta hvorki beygst í föllum né tíðbeygst. Þau kallast einnig smáorð. Til óbeygjanlegra orða teljast forsetningar (fs.), atviksorð (ao.), samtengingar (st.), upphrópanir (uhr.) og nafnháttarmerkið (nhm.).

### Forsetningar

Forsetningar eru mjög algengar í málinu okkar. Helsta einkenni þeirra er að þær breyta falli á þeim fallorðum sem standa með þeim. Sagt er að þær stýri falli. Af þeim sökum eru þær kallaðar fallstjórnendur. Flestar forsetningar stýra aðeins einu falli en aðrar geta stýrt tveimur föllum.

Þegar við fallbeygjum orð þá notum við forsetningar okkur til hjálpar. Fyrst segjum við *hér er* og notum þá ekki forsetningu en síðan segum við *um, frá* og *til* á undan orðinu til að láta orðið fara í þolfall, þágufall og eignarfall. Þessar þrjár forsetningar stýra því hver sínu falli.

Hér eru nokkrar forsetningar sem stýra einu falli. Listinn er alls ekki tæmandi.

Þolfalli: *um, kringum, gegnum, umfram, umhverfis.*

Krakkarnir gengu *kringum* jólatréð.

Þágufalli: *frá, ásamt, gegn, handa, undan, meðfram, hjá, að, af, úr, andspænis, móti.*

Jónas sagði mér *frá* ferðalaginu.

Eignarfalli: *til, sökum, handan, utan, vegna, milli, til, án, auk, meðal, vestan, austan, sunnan.*

Það mættu fáir á skemmtunina *vegna* veðursins.

Dæmi um forsetningar sem stýra tveimur föllum eru forsetningarnar *í, á, með, eftir, fyrir, yfir, við* og *undir*.

Kötturinn fór *undir* borð (þf.) og er ennþá *undir* borði (þgf.).

Ég sest *í* stól (þf.) og er *í* stólnum (þgf.).

Stundum má sjá tvær forsetningar hlið við hlið. Hundurinn hljóp í kringum krakkaskarann. Spurningin er hvort báðar séu í rauninni þarfar. Hundurinn hljóp kringum krakkaskarann.

### **Samtengingar**

Samtengingar eru algengar í málinu okkar. Stundum tengjum við einstök orð saman með þeim en stundum einnig heilu setningarnar. Algengustu samtengingarnar eru *og, eða, en, enda, heldur, (ellegar)*. Þær eru allar aðeins eitt orð.

*Jón og Gunna* eru hjón.

*Jón* er þrítugur *en* *Gunna* er tuttugu *og* níu ára.



Stundum eru samtengingar fleiri en eitt orð. Ein þeirra er eins og sem stundum sést einnig skrifuð sem eitt orð enda er hún oft borin fram eins og hún væri það. Sumar sem eru myndaðar úr tveimur orðum hafa þann eiginleika að orð kemst inn á milli þeirra. Þær eru kallaðar fleygaðar því það er eins og hægt sé að reka fleyg inn á milli þeirra. Bæði – og, hvorki – né, annaðhvort – eða, ýmist – eða og hvort – eða eru allar fleygaðar.

Við getum sagt að hann sé ýmist þægur eða óþægur.

Allar samtengingarnar sem hér eru taldar upp eru kallaðar aðaltengingar. Þú skalt leggja þær á minnið.

Samtengingar skiptast í tvo flokka, aðaltengingar og aukatengingar. Aukatengingar eru mun fleiri en aðaltengingarnar. Aukatengingar eru notaðar í aukasetningum en aðaltengingar í aðalsetningum.

Hlutverk aukatenginga eru margvísleg. Stundum eru þær notaðar til að vísa á eitthvað, sýna orsök, samanburð, tilgang og útskýra svo eitthvað sé nefnt.

vísa á	Kjóllinn er vandaður <u>þar sem</u> lögð var í hann mikil vinna.
sýna orsök	Ég náði prófinu <u>af því að</u> ég lagði mig fram.
samanburður	Hitinn úti er <u>eins og</u> í útlöndum.
tilgangur	Ég flýti mér við verkið <u>til að</u> komast fljótt heim.
útskýring	Sagt var <u>að</u> virkjunin ætti ekki rétt á sér.

### Upphrópun

Upphrópun er óbeygjanlegt orð sem kallað er upp og lýsir tilfinningum s.s. gleði og sorg. Upphrópanir tengjast því meira talmáli en ritmáli. Auðvitað er þær þó að finna í rituðu máli, einkum í sögum. Þær standa gjarnan fremst í setningu og komma er höfð á eftir þeim. Upphrópanir geta jafngilt heilli setningu.

Vá, sá er flottur.

Ha? Halló! Bless!



Í dæminu hér getur þú séð að lýsingarorð er notað þegar við lýsum nafnorði. En þegar við þurfum að lýsa lýsingarorðinu þ.e. segja hversu góður einhver sé köllum við á atviksorð. Hann er sem sagt *rosalega* góður. Rosalega lýsir hér lýsingarorðinu.

Atviksorð geta oft stigbreyst og því er auðveldlega hægt að rugla þeim saman við lýsingarorð. Hins vegar er hægt að þekkja þessa tvo orðflokka í sundur á því að lýsingarorð fallbeygjast en það gera atviksorð ekki. Einnig má hafa það í huga að lýsingarorð breytast ef þau eru sett í aðra tölu en það gera atviksorð ekki. Atviksorð breytast aldrei ef frá er talin stigbreytingin.

Stelpun talar *hátt*. Stelpurnar tala *hátt*.

Orðið hátt stigbreytist, hátt – hærra – hæst. Fljótt á litið gæti það því verið lýsingarorð. En eins og þú sérð breytist orðið hátt ekki þegar skipt er um tölu í setningunni. Orðið er því atviksorð en ekki lýsingarorð. Ef þú skoðar einnig hvaða orði það lýsir sérðu að það lýsir sagnorðinu *talar*. Ekki getur því verið um lýsingarorð að ræða því þau geta ekki lýst sagnorðum.

Þetta er *hátt* hús. Þetta eru *há* hús.

Þessar setningar eru sambærilegar þeim sem þú skoðaðir áðan. Orðið hátt er einnig notað hér. En þegar þú skoðar hvert hlutverk þess er í þessum setningum sérðu að það lýsir húsinu (no.) og breytist þegar skipt er um tölu og orðið hús sett í fleirtölu. Hérna er orðið hátt því lýsingarorð en ekki atviksorð.

## Orðhlutar

Orð eru sett saman úr orðhlutum sem hver um sig gegnir ákveðnu hlutverki. Helstu orðhlutar í íslensku eru rót, forskeyti, viðskeyti, beygingarending og stofn. Rót, forskeyti og viðskeyti mynda stofn orðs.

Rót er merkingarkjarni orðs. Hún er ávallt eitt atkvæði, þ.e. eitt sérhljóð með engu eða einhverjum samhljóðum. Rót getur staðið sem sjálfstætt orð. Ýmsar hljóðbreytingar geta komið fram á sérhljóðinu í rótinni en samhljóðin taka ekki breytingum.

far fer fór fær för

Algengast er að við rótina bætist aðrir orðhlutar, forskeyti, viðskeyti og beygingarendingar. Orð getur haft eina eða fleiri rætur. Þegar ræturnar eru fleiri kallast orðið samsett orð.

sól | skin bíl | hurð

Forskeyti er orðhluti sem bætist framan við rót til að mynda nýtt orð. Mörg forskeyti eru til. Algengust eru *ó-*, *ör-*, *for-*, *mis-*, *tor-*, *all-*, *van-*, *sam-*, *fjöl-*, *sjald-*. Forskeyti getur aðeins verið eitt atkvæði eins og rótin.

ó-vinsæl tor-kennilegur for-setning

Viðskeyti er orðhluti sem bætt er aftan við rótina til að mynda nýtt orð. Ef beygingarending er einnig á orðinu kemur viðskeytið á undan henni. Viðskeyti eru fjölmörg í íslensku. Algeng eru *-un*, *-leg*, *-ar(i)*, *-ótt*, *-ing* og *-ling*. Misjafnt er hvaða orðflokk hvert viðskeyti myndar. Sum mynda nafnorð, önnur lýsingarorð eða sagnorð og enn önnur atviksorð. Fleiri en eitt viðskeyti geta verið á sama orðinu.

skemmt-un skemmt-ari góð-leg þeg-j-and-a-leg

Beygingarendingar bætast við stofn orða til að sýna ýmsar beygingar s.s. beygingarendingar fallorða, nafnháttar- og persónuendingar.

hund-ur, hund-i	fallending
les-a	nafnháttarending
les-t, les-um	persónuending

Stofn orða er sá hluti orðs sem ekki breytist þegar orðið er beygt ef frá er talin hljóðbreytingin sem getur orðið inni í stofninum. Til stofns teljast rótin ásamt forskeyti og viðskeyti en beygingarendingin er ekki hluti hans. Orð af ólíkum orðflokkum sem hafa sömu rót eru sögð samstofna. Jafnframt er talað um skyld orð ef þau hafa sömu rót.

ófærð farangur ferðbúinn fórum förunautur

Stofn sterkra nafnorða finnst í þolfalli eintölu, þar er engin ending á orðinu. Stofn veikra nafnorða finnst einnig þar en taka þarf burt sérhljóðaendinguna. Stofn lýsingarorða finnst í kvenkyni, eintölu, nefnifalli. Stofn sagnorða finnst í nafnhætti og boðhætti. Ef nafnhátturinn er nýttur til að finna stofn þarf að taka –a endinguna burt en ef boðháttur er nýttur þarf að hafa í huga að vera ekki með persónuendinguna með.

Stofn sterkra nafnorða	þf.et.	um	hest
Stofn veikra nafnorða	þf.et.	um	penn(a)
Stofn lýsingarorða	kvk.et.nf.	hún er	góð
Stofn sagnorða	nh.	að	les(a)
Stofn sagnorða	bh.	(skipun)	les(tu)

Þegar viðskeyti eða forskeyti hefur verið bætt við rót orðs og þannig myndað nýtt orð er nýja orðið kallað afleitt orð. Skoðaðu hvernig nýtt orð er leitt af orðinu *trú*.

ó-trú trú-leg ó-trú-leg van-trú trú-uð til-trú

### Samsett orð

Þegar orðstofnar eru settir saman til að mynda nýtt orð er um þrjár leiðir að velja. Stundum er orðstofnum skeytt saman án þess að setja nokkuð á milli. Það kallast stofnsamsetning. Einnig er hægt að setja stofna saman með því að setja eignarfallsendingu á fyrri stofninn. Misjafnt er hvort eignarfallsendingin er þá í eintölu eða fleirtölu. Hvort sem er nefnist hún eignarfallssamsetning. Bandstafssamsetning er svipuð eignarfallssamsetningunni að því leyti að settir eru stafir á milli stofna. Þessir stafir tilheyra þó ekki beygingu heldur er um aðskotahljóð að ræða, oftast i, u eða s.

Stofnsamsetning	dóm-gæsla	bíl-skúr	lög-regla
Eignarfallssamsetning	dóms-salur	bíla-sýning	laga-safn
Bandstafssamsetning	kurteisi-s-boð	fell-i-hýsi	gubb-u-pest

## Orðmyndun

Til þess að tungumál geti þróast þurfa stöðugt að koma ný orð inn í málið til að tákna nýjungar. Misjafnt er eftir löndum hvernig tekið er á þessum málum. Á Íslandi viljum við halda í tungumálið og erum því lítt hrifin af því að taka mikið af útlendum orðum inn í málið án þess að laga þau að íslensku. Þrjár aðferðir eru algengastar, nýyrði, nýmerking og tökuorð.

## Nýyrði

Þegar menn settust að á Íslandi fluttu þeir með sér tungumálið sitt. Öll þau orð sem þeir notuðu köllum við erfðaorð. Þegar nýyrði er myndað eru gömlu orðin, erfðaorðin eða tökuorð, sett saman á nýjan hátt og úr verður nýtt orð.

gömul orð	fjall	kona	gróður	hús	móðir	borð
nýyrði	fjallkona		gróðurhús		móðurborð	

## Tökuorð

Mörg orð sem fengin hafa verið að láni úr máli annarra þjóða eru notuð á Íslandi. Orð sem notuð eru án þess að breyta þeim nokkuð eru kölluð slettur. En þegar útlend orð eru löguð að íslenskunni með því að laga framburð þeirra og bæta við þau beygingum kallast þau tökuorð. Alltaf þegar miklar breytingar verða í þjóðfélaginu eru ný orð tekin inn í tungumálið. Við kristintökuna bættust mörg orð af trúarlegum toga inn í málið.

enska	nun	priest	bible
norska	nonne	prest	bibel
íslenska	nunna	prestur	biblía

Á seinni tímum hafa orðið enn meiri breytingar á þjóðfélaginu og fjölmörg ný tökuorð bæst við s.s. vídeó og bíll.

## Nýmerking

Stundum eru notuð gömul orð í nýrri merkingu. Þótt þetta eigi ekki við um stóran hluta nýrra orða eru þetta þó orð sem oft verða mjög algeng í málinu. Sími, skjár og gemsí eru dæmi um þetta.

## Orðflokkagreining

Fallorð fallbeygjast, sagnorð tíðbeygjast en smáorð beygjast ekki. Þetta ætti að vera auðvelt að muna. Skoðaðu setninguna og athugaðu hvaða beygingaratriði einkenna orðin í henni.

*Nonni litli **mætti** ekki í skólann fyrir hádegi.*

Ef vel er að gætt má sjá að öll skáletruðu orðin má fallbeygja. Það merkir að þau geta staðið í nefnifalli, þolfalli, þágufalli og eignarfalli:


nf.	Nonni	litli	skólinn	hádegi
þf.	Nonna	litla	skólann	hádegi
þgf.	Nonna	litla	skólanum	hádegi
ef.	Nonna	litla	skólans	hádegis

Feitletraða orðið er hægt að setja í nútíð og þátíð, það tíðbeygist því:

nt. mætir      þt. mætti

Hin orðin tvö, *ekki* og *í* er hvorki hægt að fallbeygja né tíðbeygja, þau eru óbeygjanleg.

## Orðflokkagreiningarlykill





## Hljóðfræði

Hljóðfræði er sá hluti málfræðinnar sem fjallar um hljóðin sem myndast þegar við tölum. Hljóðin kallast máhljóð og skiptast í sérhljóð og samhljóð. Þetta eru mjög lík hugtök og þú hefur notað um bókstafi stafrófsins sem skiptast í sérhljóða og samhljóðá.

Sérhljóð eru þau hljóð kölluð sem táknuð eru með bókstöfunum a, á, e, i, í, o, ó, u, ú, y, ý, æ, ö. Hluti sérhljóðanna eru kölluð einhljóð af því að aðeins eitt hljóð myndar þau. Þessi hljóð eru samtals átta: a, e, i/y, í/ý, o, u, ú, ö. Hin sérhljóðin kallast tvíhljóð þar sem þau myndast úr tveimur hljóðum sem renna saman. Tvíhljóðin eru fimm. Tvö þeirra eru táknuð sem au og ei/ey í ritun en hin þrjú eru hljóð sem við gefum gjarnan frá okkur ef við finnum til: á, ó, æ.

au [öí]

ei/ey [eí]

á [aú]

ó [óú]

æ [aí]

## Áhersla og lengd hljóða

Þegar Íslendingar bera fram orð leggja þeir áherslu á fyrsta atkvæði orðsins öfugt við Englendinga og fleiri þjóðir. Lengd hljóða er mismunandi og fer eftir því hvar þau standa í orðinu. Sérhljóð í áhersluatkvæði er langt ef á eftir því fer eitt samhljóð en stutt annars.

langt sérhljóð

lög

tak

skap

stutt sérhljóð

lög

takk

skopp

## Mállýskur

Á Íslandi er lítill munur á framburði manna eftir því hvar þeir búa og fer hann minnkandi. Þó má greina mállýskur á nokkrum stöðum. Stærsta svæðið er Norðurland en þar má greina tvenns konar framburð.

## Norðlenskur framburður

Harðmæli er nafn á framburði sem er algengur víða um norðanvert landið. Þeir sem eru harðmæltir bera fram p, t, k, á eftir löngu sérhljóði inni í orði á meðan aðrir landsmenn bera fram b, d, g, við sömu aðstæður.

harðmæli (p, t, k)

tapa

fata

kaka

linmæli (b, d, g)

taba

fada

kaga

Röddun er hin mállýskan sem algeng er fyrir norðan. Þeir sem hafa raddaðan framburð láta raddböndin titra þegar þeir bera fram l, m, n, á undan hörðu hljóðunum (p, t, k).

[mjólk](#)

[hjálp](#)

[bolti](#)

[lampi](#)

[seinkun](#)

### **Einhljóðaframburður**

Á tveimur svæðum á landinu er notaður einhljóðaframburður. Vestfirðingar bera fram einhljóð á undan ng/nk. Þeir segja til dæmis langur á meðan aðrir landsmenn bera fram á í orðinu og segja \*lángur. Þessi framburður er kallaður vestfirskur einhljóðaframburður.

Á suður- og suðausturluta landsins má enn finna fólk sem notar skaftfellskan einhljóðaframburð. Það ber fram einhljóð í orðum þar sem stafsett er gi en borið er fram ji. Orðið lögin er gott dæmi um þetta. Þeir sem hafa framburðinn bera orðið fram með ö hljóði en aðrir landsmenn segja \*laugin.

### **Hv-framburður**

Hv-framburður er orðinn mjög fátíður. Hann er helst að finna á sunnanverðu landinu. Þeir sem hafa hv-framburð bera fram hv hljóð í upphafi orða þar sem það er stafsett en langflestir landsmenn bera fram kv við sömu aðstæður.

[hvalur](#)

[hvítur](#)

[hvenær](#)

[hvar](#)

[hvor](#)

### **Hljóðvörp**

Hljóðvarp er nafn á hljóðbreytingum sem áttu sér stað fyrir löngu. Það er kallað hljóðvarp þegar sérhljóð í áhersluatkvæði (1. atkvæði) breytist vegna áhrifa frá sérhljóði sem stendur aftar í orðinu. Við hljóðvörpin komu mörg ný hljóð inn í tungumál manna. Þótt hljóðvörpin hafi verið allnokkur eru i-hljóðvarp og u-hljóðvarp algengust. Þessi hljóðvörp eru eins og önnur kennd við það hljóð sem veldur hljóðvarpinu.

### **i-hljóðvarp**

I-hljóðvarp varð með þeim hætti að ákveðin sérhljóð í áhersluatkvæði orða fóru að líkja eftir i-hljóði sem fannst aftar í sama orði. Við þetta mynduðust ýmis ný hljóð í málinu. Algengustu i-hljóðvarpshljóðin eru y/ý og æ.

u	}	y	suður > syðri
ju			bjuggum > byggi
o			sonur > synir

ú	}	ý	mús > mýs
jú			fljúga > flýg
jó			fljót > flýtir

á	}	æ	sár > særa
ó			sómi > sæma

au > ey	aumur > eymsli
e > i	verð > virði

### **u-hljóðvarp**

U-hljóðvarp fól það í sér að a breyttist í ö eða u ef ákveðin hljóð fóru á eftir.

a > ö	barn > börn
a > u	sumar > sumur

Sumir segja að u-hljóðvarpið sé enn að virka í málinu og benda á að þegar ný orð koma inn í málið geta þau ennþá breyst til samræmis við þetta.

	gamalt	nýtt
a > ö	tala > tölur	Lada > Lödur (bíltegund)

## Klofning

Klofning er, eins og hljóðvörpin, ævaforð hljóðbreyting og margt er líkt með þessum breytingum. Klofning varð með þeim hætti að e breyttist í ja eða jö í áhersluatkvæðum vegna áhrifa frá hljóðum sem stóðu aftar í orðinu.

e > ja / jö

Dæmi um klofningu má sjá í orðum þar sem i, ja, jö skiptast á að koma fyrir í beygingarmyndum. Í slíkum orðum er ekki ritað y.

fjörður	Njörður	björn	(enska bear)
fjörð	Njörð	björn	
firði	Nirði	birni	
fjarðar	Njarðar	bjarnar/björns	

Stundum má sjá að hljóðbreyting hefur orðið á ákveðnum orðum og hljóðbreytta orðið fellur ekki úr málinu.

berg > bjarg/björg

fell > fjall/fjöll

ket > kjöt

## Hljóðskipti

Enn ein hljóðbreyting kallast hljóðskipti. Hún felur það í sér að ákveðin hljóð skiptast á að koma fyrir í kennimyndabeygingu sagna og orðum sem eru skyld þeim. Helstu hljóðskiptin eru sjö:

hljóðskipti	kennimyndir	skyld nafnorð
í – ei – i	bíta – beit – bitum	biti, beita
jó, jú, ú – au – u – o	fljóta – flaut – flutum – flotið fljúga – flaug – flugum – flogið lúta – laut – lutum – lotið	flot, flotholt eldflaug, fluga lotning
e, i – a – u – u, o	bresta – brast – brustum – brostið binda – batt – bundum – bundið	brestur bindi, innbundið

e, i – a – á – u, o

skera – skar – skárum – skorið

skarð

e, i – a – á – e

gefa – gaf – gáfum – gefið  
biðja – bað – báðum – beðið

gáfa

a – ó – ó – a, e

fara – fór – fórum – farið  
taka – tók – tókum – tekið

fórni

handtak

á – ó

glápa – glópur  
rámur – rómur

glópagull

málrómur

## Setningafræði

Setningafræði er sá hluti málsins kallaður sem fjallar um hvernig við myndum setningar í málinu. Málið okkar er svo kallað FUA mál sem merkir að eðlileg orðaröð er að hafa frumlag fremst, þá sagnorð og að síðustu andlag sagnarinnar.

### Frumlag og gerandi

Frumlag er hugtak sem nær yfir þann sem framkvæmir eða er það sem sögnin segir. Gerandi merkir það sama. Frumlagið stendur fremst í setningu í eðlilegri orðaröð.

Jón á bíl.

Svana plantar blómum.

### Umsögn

Í hverri setningu er ein sögn í persónuhætti eða sagnasamband með slíkri sögn. Þessi sögn kallast umsögn.

Bára **borðar** hákarl.

Steini **semur** ljóð.

Börnin **hafa samið** leikrit.

### Andlag og sagnfylling

Hægt er að mynda setningu sem hefur eingöngu fallorð og sagnorð. Hitt er þó algengara að annað fallorð fylgi sögninni. Þetta fallorð er ýmist í nefnifalli eða aukafalli, allt eftir gerð sagnarinnar. Ef fallorðið er í aukafalli kallast það andlag sagnarinnar og stendur með áhrifssögn. Oftast stýra áhrifssagnir einu falli. Sumar geta þó stýrt tveimur og standa þá tvö andlög með sögninni.

Barði sótti **kýrnar**.

Berta seldi **þórunni kjól**.

Sagnfylling stendur í nefnifalli. Hún stendur með áhrifslausri sögn enda hafa slíkar sagnir engin áhrif á orð sem með þeim standa.

Þóra þykir **hæfileikarík**.

Gunnar er **slunginn**.

### Einkunn

Einkunn er fallorð sem stendur með öðru orði og segir betur til um merkingu þess. Til er tvenns konar einkunn, hliðstæð einkunn og eignarfallseinkunn. Hliðstæð einkunn

getur verið í hvaða falli sem er og sambeygist orðinu sem hún lýsir. Eignarfallseinkunn er alltaf í eignarfalli og stýrist af orðinu sem með henni stendur.

hliðstæð einkunn

með frumlagi	<b>Litli</b> andarunginn er gulur.
með andlagi	Kristín sá <b>sætan</b> kettling.
með sagnfyllingu	Baldur er <b>skemmtilegur</b> strákur.
í forsetningarlið	Á <b>fögnum</b> degi er gaman að ganga.

eignarfallseinkunn      Dóttir **bóndans** er dökkhærð.

### Aðalsetning og aukasetning

Tvenns konar setningar eru í málinu, aðalsetningar og aukasetningar. Á þeim er nokkur munur. Aðalsetningar segja fulla hugsun og geta staðið sjálfstæðar. Aukasetningar aftur á móti geta ekki staðið án stuðnings aðalsetningar. Þær ná heldur ekki að flytja fulla hugsun. Þegar aðal- og aukasetningar standa saman í einni málsgrein getur hvor þeirra sem er staðið á undan. Ef aukasetning er á undan færirst sagnorðið fram fyrir frumlagið í aðalsetningunni.

aðalsetning	Jón er einleikari
aukasetning	enda mjög flinkur
aðal- og aukasetning	Jón er einleikari enda mjög flinkur.
auka- og aðalsetning	<i>þar sem Jón er flinkur er hann vinsæll einleikari.</i>

### Setningaliðir

Setningarliður er sá hluti málsgreinar sem gegnir sama hlutverki og ekki er hægt að slíta í sundur. Auðvelt er að greina setningarhluta með því að færa þá til í málsgrein því ekki er hægt að flytja hluta úr setningarliði. Í öllum málsgreinum er nafnliður og sagnliður. Aðrir setningarliðir fara eftir því hvaða orðflokkar eru í málsgreininni. Ef forsetning er í málsgrein kallast hún ásamt orðunum sem hún stýrir, forsetningarliður. Hvert atviksorð í málsgreininni kallast atviksliður. Sama gildir um samtengingar sem kallast þá tengiliðir. Hefð er fyrir því að skammstafa setningarliði eingöngu með stórum stöfum.

- FL **Í dag** sat Sigga litla lengi við lesturinn.
- SL **Sat** Sigga litla lengi við lesturinn í dag?
- NL **Sigga litla** sat lengi við lesturinn í dag.
- AL **Lengi** sat Sigga litla við lesturinn í dag.
- FL **Við lesturinn** sat Sigga litla lengi í dag.

### **Bein og óbein ræða**

Það er kölluð bein ræða þegar haft er eftir einhverjum nákvæmlega það sem hann segir. Bein ræða er afmörkuð með gæsalöppum.

Þorvaldur sagði: „Mér er kalt.“ „Mér er kalt,“ sagði Þorvaldur.

Það er kölluð óbein ræða þegar einhver hefur eftir það sem sagt hefur verið án þess að hafa nákvæmlega eftir þeim sem talaði. Í óbeinni ræðu er notaður viðtengingarháttur.

Þorvaldur sagði að sér væri kalt.